

Sp. 496. Tillaga til þingsályktunar

um uppbót á verði sildar til sjómanna og útvegsmanna.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess, að sjómenn og útgerðarmenn fái verðuppbót á saltsild og bræðslusild, sem svarar til verðhækkunar þeirrar, sem orðið hefir á sild og sildarafurðum frá því að sildarverð var ákveðið síðastliðið sumar.

G r e i n a r g e r ð .

Öllum þeim, er sildveiðar stunduðu síðastl. sumar, er kunnugt um hina miklu hækkun, sem orðið hefir á saltsild og sildarafurðum eftir að Evrópustyrjöldin brauzt út. Öll þessi hækkun hefir runnið til sildarverksmiðjueigenda og sildarkaupmanna, en sjómenn og útvegsmenn, sem ekki selja þessar vörur úr landi, hafa ekki fengið neina hækkun né uppbót enn sem komið er. Ríkisstjórnin hefir að sjálfsögðu vald til þess að fyrirskipa stjórn sildarverksmiðja ríkisins að bæta upp sildarverðið til viðskiptavina verksmiðjanna.

Hvað viðkemur verðuppbót á saltsild, verða saltendur sildar að fá leyfi til þess starfs hjá sildarútlutningsnefnd. Viðkomandi stjórnarvöld ættu því að hafa tók á, að sjómenn og útvegsmenn fengju leiðrétting sinna mála, að þeir einir fengju söltunar- og útflutningsleyfi sildar næsta sumar og haust, sem innt hafa af hendi réttláta verðuppbót til sinna viðskiptamanna.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt samkvæmt fjölda áskorana frá sjómönnum og útvegsmönnum, sem að vonum eru óánægðir með sildarverðið. Eins og aðrir launþegar í landinu eru þessir menn grátt leiknir af völdum gengisfalls og stríðsdýrtíðar og eiga margir mjög örðugt með að fæða og klæða fjölskyldur sínar, á sama tíma, sem ríkið og örfáir einstaklingar raka að sér stórgróða af sömu ástæðum.